

Reykjanesbær, 14. júní 2021

Erindi til íþróttá og tómsundaráðs Reykjanesbæjar.

Efni: Aðstaða til golfæfinga í húsnæði gömlu slökkvistöðvarinnar.

Golfklúbbur Suðurnesja (GS) óskar eftir að fá til afnota hluta/helming af húsnæði gömlu slökkvistöðvarinnar. Fulltrúar klúbbsins hafa nú skoðað húsnæðið og sjá fyrir sér að hægt væri að nýta það sem viðbót við aðstöðuna í Akademíunni, sem er fyrir löngu síðan orðin of lítil. Það væri mjög hentugt ef hægt væri að koma þessu í notkun fyrir haustið þegar inniæfingar hefjast.

Við viljum jafnframt benda á að GS hefur ennþá þá framtíðarsýn að byggja upp starfsemina, þ.m.t. inniðstöðu í Leirunni og vísar í kynningu sem fulltrúar klúbbsins voru með fyrir Íþróttá- og tómsundaráð fyrr á árinu. Það verkefni er þó á byrjunarstigi og því mikilvægt að brúa bilið með aðstöðu þangað til það er komið lengra á veg. Við værum því mjög þakklát fyrir þessa viðbót sem mun hjálpa okkur að sinna kylfingum betur yfir vetrartímann og koma í veg fyrir að missa iðkendur vegna aðstöðuleysis.

Virðingarfyllst,

Andrea Ásgrímsdóttir
Framkvæmdastjóri Golfklúbbs Suðurnesja